

Reglur Stefnis hf.

um meðferð umboðsatkvæða

Reglur þessar gilda um atkvæðagreiðslu á hluthafafundum þeirra félaga sem sjóðir á vegum Stefnis eiga hlut í (e. Proxy Voting Rules). Reglurnar taka til verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri félagsins auk fagfjárfestingsjóðsins Stefnir - ÍS 5. Reglunum er m.a. ætla að stuðla að auknu gagnsæi um hvernig Stefnir hagar atkvæðagreiðslu þegar hann fer með hagsmuni sjóðfélaga í umræddum sjóðum.

Stefnir beitir sér og greiðir atkvæði á hluthafafundum að teknu tilliti til og í samræmi við hagsmuni sjóðfélaga. Í því felst að ekki telst nauðsynlegt að beita atkvæðisrétti í öllum tilfellum.

Almennt

Reglur þessar taka m.a. mið af ákvæðum reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga. Stefnir beitir eftirfarandi viðmiðum við beitingu atkvæðisréttar sem tilheyrir sjóðum í rekstri félagsins. Viðmiðunum er ætlað að tryggja að litið sé til hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa við beitingu atkvæðisréttar.

Reglurnar taka m.a. á þeim ráðstöfunum sem félagið hefur útfært til þess að fylgjast með viðburðum á vettvangi þeirra félaga sem sjóðirnir hafa fjárfest í þar sem til greina kemur að beita atkvæðisrétti. Þá fjalla reglurnar um starfshætti við ákvarðanatöku um hvort beita skuli réttindum hlutafhafa og með hvaða hætti það skuli gert, að teknu tilliti til hagsmuna og stefnu sjóðanna.

Eftirlit með hluthafaviðburðum

Stefnir fylgist með tilkynningum um hluthafaviðburði, svo sem hluthafafundi, með öllum helstu upplýsingaveitum sem félagið nýtir í starfsemi sinni, svo sem upplýsingakerfi Bloomberg, upplýsingakerfum tengdum kauphöllum og í gegnum vörslufélag sjóðanna.

Ákvörðun um beitingu atkvæðisréttar

Með ákvörðunarvald um beitingu atkvæðisréttar fer nefnd, skipuð fjórum starfsmönnum félagsins auk framkvæmdastjóra. Skal nefndin skipuð af framkvæmdastjóra og skipan hennar staðfest af stjórn. Framkvæmdastjóri er formaður nefndarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar. Við ákvarðanir nefndarinnar skal taka mið af hagsmunum hvers og eins sjóðs, m.t.t. fjárfestingarstefnu hans, auk þeirra almennu viðmiða sem fram koma í reglum þessum.

Nefndin skal fjalla um hverja tillögu sem lögð er fyrir hluthafafund og taka afstöðu til hennar. Tillaga er staðfest með meirihluta atkvæða. Tillögur falla á jöfnum atkvæðum. Haldin skal skrá um niðurstöður nefndarinnar. Framkvæmdastjóri felur starfsmönnum félagsins að mæta til hluthafafundar, tveimur eða fleiri.

Upplýsingar um beitingu atkvæðisréttar

Sjóðfélagar geta kallað eftir upplýsingum um það hvernig atkvæði voru greidd f.h. sjóðs þar sem þeir voru hlutdeildarskírteinishafar á þeim tíma er atkvæðagreiðslan fór fram. Fyrirspurnum ber að beina skriflega til framkvæmdastjóra Stefnis. Í kjölfar þeirra hluthafafunda sem mætt er til mun Stefnir birta upplýsingar á heimasíðu sinni um atkvæðagreiðslur á fundunum.

Hagsmunaárekstrar

Við ákvarðanatöku um beitingu atkvæðisréttar geta komið upp hagsmunaárekstrar. Um stýringu hagsmunaárekstra fer samkvæmt stefnu um hagsmunaárekstra sem Stefnir hefur sett sér. Útdráttur stefnunnar er birtur á heimasíðu félagsins. Almenn viðhorf

Hér fyrir neðan er fjallað um helstu atriði sem upp kunna að koma við atkvæðagreiðslu og viðhorf Stefnis til þeirra.

Stjórnarmenn

Samsetning stjórnar ætti að taka mið af starfsemi og stefnu viðkomandi félags og bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, þekkingu og reynslu stjórnarmanna. Við kosningu stjórnarmanna er almennt litið m.a. til eftirfarandi þátta:

- Stjórnarmenn hafi menntun og reynslu sem nýtist við stjórnun og rekstur viðkomandi félags.
- Kynjahlutfall sé í samræmi við löggjöf um lágmark 40% hvors kyns í stjórn.
- Stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem kann að rýra traust þeirra og trúverðugleika.
- Meirihluti stjórnarmanna sé óháður viðkomandi félagi og stjórnendum þess og að lágmarki tveir stjórnarmenn jafnframt óháðir stórum hluthöfum þess í skilningi *Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja*.

Stefnir gerir kröfu um að stjórnarmenn sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum og kostgæfni. Stjórnarmenn eiga ætíð að hafa hagsmuni viðkomandi félags og allra hluthafa þess að leiðarljósi. Stjórnarmaður sem verður uppvís að því að fara gegn hagsmunum viðkomandi félags mun ekki fá stuðning Stefnis til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stefnir gerir kröfu um að stjórnarmenn taki virkan þátt í stjórnarstörfum og stuðli að því að stjórn sé ákvörðunarþær á stjórnarfundum. Ef Stefnir hefur upplýsingar um að stjórnarmaður hafi mætt illa á stjórnarfundum á liðnu starfsári án réttmætrar ástæðu mun Stefnir almennt ekki styðja viðkomandi stjórnarmann til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stefnir lítur til þess hvort seta stjórnarmanns í öðrum stjórnnum geti haft áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum er varða viðkomandi félag. Stefnir styður ekki stjórnarmann ef telja má að seta hans í öðrum stjórnnum geti haft áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum er varða félagið. Stefnir mun ekki greiða þeim aðilum sem sitja í stjórn Stefnis atkvæði, bjóði þeir sig fram til setu í stjórnnum annarra félaga.

Stefnir styður almennt ekki stjórnarmann ef fyrirsjáanlegt er að hann verði meira og minna vanhæfur til ákvarðanatöku í mikilvægum málum sökum hagsmunaárekstra. Ef stjórnarmaður, félag hans, maki eða börn veita félaginu umtalsverða sérfræðipjónustu, t.d. er varðar lögfræði, fjármál og almenna rekstarráðgjöf, mun Stefnir almennt ekki styðja viðkomandi stjórnarmann til stjórnarsetu.

Stjórn

Stefnir gerir kröfu um að stjórn stuðli að því að það sé jafnvægi á milli langtímahagsmuna viðkomandi félags og að hámarka virði félagsins.

Stefnir leggur ríka áherslu á að stjórn starfi í samræmi við góða stjórnarhætti (e. Corporate Governance). Í því skyni ætti stjórn m.a. að:

- Haga störfum sínum í samræmi við *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi gefa út.
- Setja sér starfsreglur sem eru yfirfarnar reglulega.

- Meta eigin störf árlega með árangursmati ásamt því að meta störf forstjóra og undirnefnda stjórnar.
- Birta árlega upplýsingar um stjórnarhætti.
- Skilgreina valdheimildir forstjóra, þ.e. hvaða ákvarðanir teljast vera óvenjulegar eða mikilsháttar.

Stefnir væntir þess að stjórnarmenn taki ekki að sér önnur störf fyrir viðkomandi félag en þau sem honum eru falin sérstaklega af stjórn.

Stefnir væntir þess að undirnefndum stjórnar séu settar starfsreglur sem stjórn samþykkir og að stjórn sé haldið upplýstri um störf undirnefnda.

Starfskjör og kaupaukar

Stefnir gerir kröfu um að starfskjarastefna viðkomandi félags sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 79. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og taki mið af *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* eins og við á.

Stefnir styður samkeppnishæf laun. Stefnir er ekki á móti kaupaukagreiðslum og kaupréttum að því gefnu að slíkar greiðslur séu byggðar á árangurstengdum markmiðum, hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku, stuðli að langtímahagsmunum viðkomandi félags og séu í eðlilegu samhengi við rekstrarumhverfið. Slík kjör skulu vera samkvæmt fyrirfram skilgreindum markmiðum.

Ýmis freistnivandamál (e. Moral Hazard) geta komið upp í tengslum við kaupaukagreiðslur og kauprétti. Við gerð slíkra launasamninga skal gæta þess að þeir séu ekki á kostnað langtímahagsmuna viðkomandi félags, t.d. þegar árangur er tengdur við kennitölur í rekstri. Stefnir mun því greiða atkvæði með tillögum sem lágmarka freistnivanda og gæta þannig að því að langtímahagsmunir viðkomandi félags séu í forgangi en ekki skammtímahagsmunir stjórnenda.


Stefnir styður ekki starfslokagreiðslur sem fara fram úr því sem eðlilegt má teljast í ljósi starfsumhverfis viðkomandi félags og talist geta þyngjandi fyrir félagið. Slíkar greiðslur við starfslok ættu ekki að fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.

Reikningsskil og kosning endurskoðanda

Stefnir gerir kröfu til þess að reikningsskil viðkomandi félags séu í samræmi við lög og reglur og að félagið birti fjárhagslegar upplýsingar í samræmi við reglur kauphallar. Jafnframt er gerð krafa um að félagið sinni tilkynningarskyldu sinni til kauphallar, ef um skráð félag er að ræða, og eftirlitsaðila eftir því sem við á.

Stefnir gerir kröfur um að ytri endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki sé óháð félaginu. Almennt gerir Stefnir ekki athugasemd við tillögu um endurskoðanda nema ástæða sé til að draga óhæði endurskoðandans í efa eða að endurskoðandinn hafi í störfum sínum sannanlega brotið gegn lögum og reglum svo að ekki verði við unað.

Þannig samþykkt af stjórn Stefnis 23. febrúar 2016.



 Steinn Rindalþóttur

 Svava Bjarnadóttir

 Jónína Guðmundsdóttir

 Jónína Guðmundsdóttir

 Jónína Guðmundsdóttir